

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Rökkvatjörn 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 31. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 3 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit fjölbýlishúss og fjölgun bílastæða úr 7 í 9 ásamt sleppistæði fyrir akstursþjónustu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ármúli 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 31. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla vegna lóðarinnar nr. 7 við Ármúla. Í breytingunni felst að heimilt er að hækka tengibyggingu milli nr. 7 og 9 í fjögurra hæða byggingu í stað þriggja, skilyrt er að 4. hæðin sé inndregin. Byggingarreitur tengibyggingar er dreginn inn frá götuhlið og gerður er nýr byggingarreitur fyrir stiga á vesturgafli, við þetta eykst byggingarmagn og nýtingarhlutfall lítillega. Einnig er heimilt að nýta þak hæðar tengibyggingar fyrir svalir og gera stiga frá 4. hæð niður á þaksvalir 3. hæðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Holtavegur 23, Langholtsskóli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 24. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 23 við Holtaveg. Í breytingunni felst að stækka núverandi byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á austurhluta lóðarinnar og gert er ráð fyrir allt að sex kennslustofum á reitnum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álmgerði 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 24. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi fyrir Landspítala, Grensásdeild vegna lóðarinnar nr. 1 við Álmgerði. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður, byggingarmagn og nýtingarhlutfall aukið, hæð viðbygginga til vesturs breytist, bílastæðafjöldi helst óbreyttur og gert er ráð fyrir 31 hjólastæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Úlfarsárdalur - breyting vegna reits A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna Skyggisbrautar 25-27 og 29-31, Gæfufjarnar 20-24 og 26-28 og Silfratjarnar 2-4. Í breytingunni felst að bæta við 10 bílastæðum, þar af eru 7 ómerkt bílastæði staðsett í göturými Silfratjarnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vegbrekkur 43.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð þann 5. júní 2019, breytingu á deiliskipulagi Aðveitustöðvar 12 við Trippadal vegna lóðar nr. 43 við Vegbrekku. Í breytingunni felst að stækka lóð og byggingarreit aðveitustöðvarinnar til að koma fyrir vararafstöð.

Nr. 586

6. júní 2019

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 6. júní 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2019